Ársskýrsla 2013

Veiðimálastofnun

Gefið út af Veiðimálastofnun í maí 2014
Umsjón með útgáfu: Guðmunda Björg Þórðardóttir og Eydís Njarðardóttir
Ábyrgðarmaður: Sigurður Guðjónsson
Kápumynd: Hlíðarvatn í Selvogi. **Ljósmynd:** Eydís Njarðardóttir
Prentun: Oddi

www.veidimal.is

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	1
Hlutverk Veiðimálastofnunar	3
Skipulag og starfsemi	4
Starfsemi auðlinda- og umhverfissviðs	5
Ágrip úr ritrýndum greinum	13
Námsverkefni	16
Brot úr fréttum ársins	18
Umsagnir	20
Birtingar og kynningar starfsmanna	21
Ritaskrá 2013	22
Veggspjöld	27
Fjármál Veiðimálastofnunar 2013	35
Starfsfólk á árinu 2013	36
Starfsstöðvar Veiðimálastofnunar	37

Ávarp forstjóra

Á haustdögum 2012 var Veiðimálastofnun færð til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Breytingin hefði átt að þýða auknar áherslur á umhverfismál í starfi stofnunarinnar samfara auknu fjármagni til málaflokksins. Til þess kom ekki. Breytingin rýrði hins vegar aðgengi Veiðimálastofnunar að rannsóknasjóðum sem hýstir eru hjá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. Um áramótin síðustu var Veiðimálastofnun á ný færð til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Eftir sem áður er mikilvægt að góð yfirsýn og samhæfing sé á umhverfis- og auðlindamálum innan stjórnarráðsins. Líta verður heildstætt á náttúruauðlindir, nýtingu þeirra og verndun. Þróunin hefur verið í þá átt og er „rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði“ gott dæmi um slíka nálgun. Veiðimálastofnun getur lagt mikið að mörkum í þeirri vinnu sem framundan er í umhverfis- og auðlindamálum og þá heildstæðu sýn sem þar þarf að beita. Í umræðunni nú er endurskoðun á skipulagi auðlinda- og umhverfisrannsókna sem og stjórnsýslu þeirra. Sú endurskoðun er fyllilega tímabær. Mikilvægt er að vanda vel til þeirrar vinnu svo að vel takist til. Rannsóknir á auðlindum okkar er undirstaða nýtingar. Til þess að vel megi fara í þeim efnum þurfum við öflugar rannsóknastofnanir skipaðar hæfu fólki vel búnar tækjum og aðstöðu. Nýting á lifandi auðlindum, eins og nýting fiskstofna er, verður að vera sjálfbær. Slík nýting kallar einnig á góða umgengi við umhverfið. Umhverfismál eru okkur afar mikilvæg og góð umgengni við umhverfið er til að mynda grunnur fyrir vaxandi ferðamannaiðnaði.

Mikilvægt er að náið samstarf sé á milli atvinnulífs, rannsóknastofnana og háskóla. Þannig nýtast nýjar rannsóknaniðurstöður beint út í atvinnulífið og til námsmanna sem kynnast starfi stofnana og þörfum atvinnuveganna. Það tryggir um leið nauðsynlega nýliðun vísindamanna til ferskvatns- og fiskirannsókna. Þetta er einkar mikilvægt í atvinnugreinum, sem byggja að mestu á nýtingu náttúruauðlinda eins og þær sem Veiðimálastofnun sinnir.

Á árinu 2013 var haldið áfram vinnu vegna vatnatilskipunar Evrópu sem innleidd var hér á landi í lögum um stjórn vatnamála 36/2011. Vatnatilskipun er ætlað að vernda vistgæði vatns í Evrópu. Framkvæmdin er flókin og meta þarf stöðu vatns og bæta úr þar sem vatnsgæði eru ekki viðunandi. Þá þarf að vakta ástand vatns sem er undir álagi. Gæðin og vöktunin er framkvæmd með mælingum á lífríki vatnanna. Nú í ár er fjárveiting til verkefnisins nánast engin og ekki komin á gjaldtaka til rannsókna og vöktunar. Þá fást ekki svokallaðir IPA styrkir sem búið var að semja um við Evrópusambandið. Því verður ekki unnt að halda áfram með vinnu á þessu sviði. Bagalegt er að samfellan í þessari vinnu sé rofin og því miður hefur Veiðimálastofnun orðið að grípa til uppsagna á starfsfólki við þetta verkefni. Þar með tapast fjárfesting sem byggð hefur verið upp í þessum málaflokki.

Veiðimálastofnun er treyst fyrir mikilvægum málaflokki. Lífríki í fersku vatni er um margt einstakt hér á landi. Vegna sérstæðrar jarðfræði landsins eru hér að finna fjölbreytt ferskvatnsvistkerfi. Vegna legu landsins eru hér einnig fáar tegundir lífvera. Þetta skapar einstakt þróunarumhverfi og áhugaverðan rannsóknarvettvang.

Stangveiði í ám og vötnum landsins er grundvöllur mikilvægrar atvinnugreinar. Hún hefur mikil efnahagsleg áhrif í samfélaginu og er veltan þar tæpir 20 milljarðar á ári. Þar af eru hátt á annan milljarð beinar tekjur veiðifélaga. Umtalsverðar gjaldeyristekjur skapast vegna stangveiði þar sem mikil fjöldi erlendra gesta kemur hingað til veiða. Nýting veiðihlunninda er því ein af stærstu búgreinum landsins og er afar mikilvæg fyrir búsetu víða í sveitum. Um 1/3 þjóðarinnar stundar stangveiði sem sýnir að um mjög vinsæla tómstundariðju er að ræða. Sá árangur sem náðst hefur í veiðinýtingu, arðsemi veiða og stöðu fiskistofna hér á landi hefur vakið athygli á alþjóðavettvangi. Arðsemi af hverjum veiddum fiski er óvíða meiri. Skiptir þar sköpum nýting stangveiði á félagslegum grunni sem er

nátengd vaxandi ferðaþjónustu í dreifðum byggðum landsins.

Í fiskeldi eru fólgin mikil tækifæri og þegar hafa þar skapast mörg atvinnutækifæri. Stór áform eru uppi í auknu sjókvíaeldi á laxi. Mikilvægt er að vandað sé til verka í þeirri atvinnugrein og mjög hröð uppbygging getur verið varasöm. Mikils er um vert að ná góðum tökum á þeirri starfsemi og finna út hversu mikið umfang sé ásættanlegt án þess að umhverfi og náttúrulegir stofnar skaðist.

Árið 2013 var viðburðaríkt hjá Veiðimálastofnun. Stofnunin tekur þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi. Veiðimálastofnun er þátttakandi í vísindastarfi Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES) hvað varðar laxfiska og í vísindasamstarfi Norðurskautsráðsins. Aukið mikilvægi norðurslóða kallar á að rannsóknir hér á landi séu samhæfðar sem og samvinna við vísindafólk annarra landa. Ísland er einnig um margt kjörinn vettvangur til að rannsaka áhrif hlýnandi loftslags. Til að nýta þau tækifæri enn betur þarf aukið fjármagn. Auk þessara föstu samskipta eru margvísleg samskipti og samstarf við erlenda vísindamenn um rannsóknir og tóku sérfræðingar stofnunarinnar þátt í vinnufundum, málstofum og ráðstefnum.

Ársfundur stofnunarinnar var í mars. Stofnunin tók þátt í vísindaþinginu Landsýn um rannsóknir í landbúnaði sem einnig var í mars. Í nóvember tók svo stofnunin bæði þátt í ráðstefnu Vistfræðifélagsins og í ráðstefnu Líffræðifélagsins.

Þrátt fyrir minnkandi fjárframlög til Veiðimálastofnunar náði stofnunin að skila þróttmiklu rannsóknarstarfi árið 2013. Það er að þakka aukinni sértekjuöflun bæði innan lands og utan. Þetta kraftmikla starf sést glöggt í ritaskrá stofnunarinnar. En vissulega hefur niðurskurður á fjárframlagi sín áhrif og minnkar rannsóknargetu stofnunarinnar. Á þessu ári hefur þurft að segja upp góðu starfsfólki og samningar við lausráðið fólk verða að óbreyttu ekki endurnýjaðir. Þessari þróun þarf að snúa við ef stofnunin á að skila hlutverki sínu vel.

Hlíðarvatn í Selvogi. *Ljósm.: Eydís Njarðardóttir.*

Hlutverk Veiðimálastofnunar

Veiðimálastofnun er rannsókna- og ráðgjafastofnun. Rannsóknarsviðið er lífríki í fersku vatni, veiðinýting, fiskrækt og fiskeldi. Auk grunnrannsókna stundar Veiðimálastofnun þjónusturannsóknir fyrir ýmsa aðila. Má þar nefna veiðifélög, raforkufyrirtæki, sveitarfélög og framkvæmdaaðila.
Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 59/2006 um Veiðimálastofnun. Í þeim er hlutverk stofnunarinnar skilgreint með eftirfarandi hætti:

Að afla með grunnrannsóknum alhliða þekkingar á nytjastofnum ferskvatns og lífríkis þess og miðla upplýsingum þar um.
Að hvetja til sjálfbærrar nýtingar ferskvatnsvistkerfa.
Að treysta grunn vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu nytjastofna ferskvatns.
Að treysta grunn vísindalegrar ráðgjafar í fiskrækt í ám og vötnum.
Að rannsaka hvernig fiskeldi og fiskrækt megi best stunda í sátt við íslenska náttúru og villta stofna.
Að veita ráðgjöf um lífríki áa og vatna í sambandi við framkvæmdir og mannvirkjagerð.
Að stunda rannsóknir á eldi vatnalífvera.
Að annast þróunarstarf og leiðbeiningar í veiðimálum og annarri nýtingu lífríkis ferskvatns.
Að veita lögboðnar umsagnir.
Að rannast rannsóknir á einstökum ferskvatnsvistkerfum gegn gjaldi.
Að stunda rannsóknir í sjó á nytjastofnum ferskvatns.
Að annast aðrar rannsóknir og tengd verkefni sem ráðherra felur stofnunni með reglugerð.

Skipulag og starfsemi

Veiðimálstofnun er skipt í tvö svið, auðlindasvið og umhverfissvið auk rekstrardeildar sem er stoðdeild, skörun er á verkefnum milli sviða og víðtækt samráð og samvinna þeirra á milli. Slíkt er mikilvægt bæði til hagræðingar, til að þekking starfsmanna nýtist sem best og til þess að samræma vinnu á milli starfstöðva. Veiðimálastofnun er með starfsstöðvar á 5 stöðum á landinu.

Forstjóri sér um stjórnun Veiðimálastofnunar. Hlutverk hans er skilgreint í lögum um lax- og silungsveiði, í skipunarbréfi hans og í lögum og reglugerðum um opinbera embættismenn. Forstjóri hefur sér til ráðuneytis ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga og einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu menntastofnana landbúnaðarins. Ráðherra skipar formann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Forstjóri situr fundi með ráðgjafarnefnd. Formaður ráðgjafarnefndar kveður nefndina saman til fundar þegar þurfa þykir.



Skipurit Veiðimálastofnunar

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra: Sigurður Ingi Jóhannsson

Forstjóri: Sigurður Guðjónsson

Veiðivötn. Ljósm.: Magnús Jóhannsson.

Starfsemi auðlinda- og umhverfissviðs

Yfirlit yfir starfsemina

Víðtækt samráð og samvinna er milli auðlinda- og umhverfissviðs Veiðimálastofnunar. Er það gert til hagræðingar, til að þekking starfsmanna nýtist sem best og til þess að samræma vinnu á milli starfstöðva sem staðsettar eru á 5 stöðum á landinu. Eins og nafnið ber með sér hefur þungamiðja starfs Veiðimálastofnunar tengst veiðiauðlindinni en á undanförnum árum hefur vægi fjölbreyttari rannsókna á líffræði og vistfræði ferskvatns aukist. Með því er leitast við að breikka þann þekkingargrunn sem þarf til að lífríki í ferskvatni og sú nýting á henni byggir geti talist sjálfbær.

Vöktun lífríkis

Rannsóknir og skráning á samspili líffræðilegra þátta og umhverfis þeirra er mikilvæg en oft getur verið erfitt að greina á milli vægis einstakra þátta. Þar þurfa að koma til grunnrannsóknir til að að byggja á. Við vöktun lífríkis þarf mælingar um lengri tíma. Slík vöktun þarf að taka mið af nýtingu sem getur verið af mörgum toga t.d. veiði, ýmsar framkvæmdir, umferð og búseta manna. Nokkur eðlismunur er á milli vöktunar (kerfisbundinna endurtekinna mælinga) og beinna rannsóknaverkefna sem felst ekki síst í þeim tímaskala sem unnið er á. Oft hefur verið litið á að vöktun sé hlutverk rannsóknastofnana en afmörkuð rannsóknarverkefni séu hjá háskólum þar sem unnið er að menntun. Mikilvægt er að samþætta þessa þætti sem best og efla samstarf milli rannsóknaraðila.

Vatn hér á landi er af ólíkum uppruna og lífsskilyrði í vatni mjög mismunandi og frábrugðið því sem gerist víða erlendis. Má þar nefna jökulvatn, lindarvatn og jarðhitavatn sem eru fágæt annarsstaðar. Þá hefur ólík lega, berggrunnur og gróðurfar mikið að segja auk þess sem veðurskilyrði eru mismunandi milli landshluta.



Staðsetning áa og vatna þar sem er regluleg vöktun á fiskstofnum.

Við nýtingu þ.m.t. fiskstofna er hugtakið sjálfbærni undirstaða. Markmið laga um lax- og silungsveiði og laga um fiskrækt er að nýting fiskstofna í ferskvatni sé sjálfbær en í því felst að núverandi nýting rýri ekki möguleika komandi kynslóða til sambærilegrar nýtingar. Það markmið tekur í raun einnig til lífríkisins í heild.

Grundvöllur þess að meta áhrif nýtingar auðlinda er að fyrir liggi þekking á grunnástandi en einnig á áhrifum mannlegra athafna hvort sem um er að ræða framkvæmdir eða veiðinýtingu. Á þeirri þekkingu er hægt að byggja við ráðgjöf til veiðiréttarhafa, framkvæmdaaðila og stjórnvalda.

Í ám og vötnum hér á landi eru margir fiskstofnar og viðfangsefnið því yfirgripsmikið, ekki síst þar sem sumir stofnar lifa bæði í fersku vatni og í sjó. Vöktun fiskstofna til lengri tíma er mikilvæg og oft þarf langar gagnaraðir til að hægt sé að greina orsakir fyrir breytingum á stofnstærð. Skráning veiði er einn af þeim grunnþáttum sem þarf að vera til staðar fyrir nýtingu og rannsóknir. Með tilkomu fiskteljara má, með samanburði við veiðitölur, sjá hvert veiðihlutfallið er og þar með stærð hrygningarstofna. Samanburður á talningum og veiði hafa sýnt að miðað við stöðuga sókn eru veiðitölur að gefa góða mynd af breytingum á stærð fiskstofna. Rannsóknir á seiðabúskap þ.m.t. á árgangaskiptingu seiða, þéttleika, vexti, fæðu og holdafari gefa mikilvægar upplýsingar um ástand þeirra í ánum og þá þætti sem þar hafa áhrif. Þar sem um sjógöngustofna er að ræða er fjöldi gönguseiða lokaframleiðsla ánna og mikilvægt að hafa mat á fjölda þeirra. Frá áttunda áratug 20. aldar voru árlegar talningar á fjölda gönguseiða í tveimur ám, Elliðaánum og Vesturdalsá. Þessar ár hafa verið lykilár í vöktunarrannsóknum á laxi, því að þar er safnað upplýsingum um flesta lykilþætti lífsferils laxastofnanna. Náttúruleg gönguseiði eru nú eingöngu merkt af Veiðimálstofnun í Vesturdalsá, en samanburður á fjölda seiða sem ganga til sjávar og fjöldi laxa sem skila sér til baka í ána einu til tveimur árum seinna er forsenda þess að hægt sé að reikna afföll í sjó og endurheimtur. Grenlækur er lykilá til vöktunar á sjóbirtingsstofnum og fylgst er með sjóbleikju í Vesturdalsá í Vopnafirði en að auki eru ákveðnar grunnrannsóknir gerðar árlega í Krossá á Skarðsströnd. Niðurstöður rannsókna í lykilám hafa verið árlegt innlegg í vinnu Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) við að meta ástand, stofnstærðir og veiðiþol laxastofna í Norður-Atlantshafi og til að meta ástand sjóbirtingsstofna sem víða hafa látið undan síga. Niðurstöður rannsókna í lykilám, hafa reynst mikilvægar til við að lýsa lífsferlum fiska, vægi áhrifaþátta á stofna bæði á hverjum stað fyrir sig og í við samanburð svæða í alþjóðlegu samhengi.

Gögn og gagnagrunnar

Varðveisla og skráning gagna er vaxandi þáttur í starfsemi Veiðimálastofnunar. Um er að ræða gögn sem safnast hafa á löngum tíma og margir starfsmenn stofnunarinnar komið að því verki. Á hverju ári bætast við ný gögn til úrvinnslu og geymslu. Með tryggri varðveislu og kerfisbundnum skráningum gagna geta þau nýst til annarra hluta en þeim var upphaflega safnað til. Með því getur verðmæti þeirra til þekkingaröflunar og síðari nota aukist til muna. Til gagnaraða sem til eru á Veiðimálastofnun má telja, smádýragögn, veiðigögn, göng um seiðarannsóknir, hreistur, kvarnir, hitamælingar og gögn úr fiskteljurum.

Fiskrækt og þjónusta við veiðifélög

Veiðimálastofnun hefur markað þá stefnu að byggja beri á sjálfbærri nýtingu og að inngrip með fiskræktaraðgerðum sem ekki skuli gerð án fyrirfram skilgreindra markmiða og þarfagreiningar.

Samantektarskýrsla um stefnu Veiðimálastofnunar í þessum málum er aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar, en sú stefna er m.a. lögð til grundvallar við umsagnir á fiskræktaráætlunum veiðifélaga.

Vöktun á þéttleika og árgangaskiptingu seiða er gerð árlega í mörgum ám í góðri samvinnu við fjölda veiðifélaga. Slík vöktun hefur skilað grundvallarupplýsingum um fiskstofnana, framleiðslu þeirra og samspili umhverfis og fiskframleiðslu. Vöktun á ástandi fiskstofna er

liður í því að uppfylla skyldur veiðifélaga um sjálfbæra nýtingu fiskstofna og er leitast við að tryggja hámarksframleiðslu hverrar ár með tilliti til fjölda afkomenda eftir hvert foreldri fiska. Auk þess hefur stofnunin tekið að sér umsjón með fiskteljurum og merkingar fiska. Með hlýnandi árferði hefur lífræn framleiðsla ánna aukist og í kjölfarið hefur þéttleiki og vaxtarhraði seiða verið að aukast sem í sumum tilfellum hefur reynst tímabundið. Í nokkrum ám er seiðaástand þannig að árnar gætu framleitt fleiri gönguseiði ef hrygningarstofn væri stærri, en í öðrum hefur komið fram að þéttleikaháðir þættir hafa leitt til hækkaðar dánartölu seiða í sumum árum. Þekking á báðum þessum þáttum er mikilvæg fyrir stjórnun á nýtingu fiskstofna. Vonast er til að líffræðilegir þættir verði í vaxandi mæli teknir inn í gerð nýtingaráætlana veiðifélaga, en lögum samkvæmt eiga þær að vera til fyrir alla veiðistofna í fersku vatni hér á landi. Veiðifélög hafa í auknum mæli leitað til Veiðimálastofnunar um mat á búsvæðum í ám og samantekt gagna fyrir gerð arðskrármats, en á því er m.a. byggt við skiptingu kostnaðar og útdeilingu arðs af veiðinýtingu.

Vinna tengd laxastofnum hefur, og er fyrirferðamikil í starfsemi Veiðimálastofnunar. Það stafar ekki síst af því að sú tegund hefur efnahagslega mesta þýðingu. Rannsóknir og vöktun eru einnig gerðar á silungastofnum bæði í ám og stöðuvötnum. Þar má nefna langtímarannsóknir á fiskstofnum Mývatns, Elliðavatns, Mjóavatns á Auðkúluheiði, Apavatns og Veiðivötnum. Vötnin sem tilheyra Veiðivötnum eru 28 en stærð þeirra og lífsskilyrði í þeim geta verið ólík. Sum þeirra eru með í eða úrrennsli en önnur aflokuð. Hrygningarskilyrði urriðans geta því verið mis góð og er veiðistofni sumra vatna viðhaldið með fiskrækt.

Komið hefur í ljós að fylgjast þarf reglulega með stofnum vatnanna og miða fjölda slepptra seiða við beitarþol fæðudýra. Við þær aðstæður hefur verið byggð upp verðmæt veiði sem er stunduð af fjölda veiðimanna.

Skráning laxveiði

Veiðimálastofnun hefur frá árinu 1946 haft með höndum söfnun, úrvinnslu og samantekt veiðitalna úr lax- og silungsveiði en alls eru um 250 aðilar sem reglulega skrá veiði í ám og vötnum. Stofnunin hefur síðan 1974 tölvuskráð upplýsingar um einstaka fiska úr veiðibókum fyrir helstu veiðiár á landinu. Það verk er umfangsmikið einkum í árum þegar vel veiðist. Unnið hefur verið að því, í samvinnu við Fiskistofu, að gefa veiðiréttareigendum kost á að skrá veiði jafnóðum inn í gagnagrunn með netaðgangi. Með því móti er hægt að skrá og skoða veiðitölur jafnóðum á veiðitíma. Þessi möguleiki rafrænnar skráningar hefur verið nýttur af nokkrum veiðifélögum með góðum árangri. Vonir standa til að mun fleiri aðilar taki upp þennan möguleika á komandi veiðitímabili. Með auknum fjölda þeirra sem skrá veiðitölur rafrænt eykst þörfin fyrir að bæta birtingu niðurstaðna fyrir almenning.

Með tilkomu veiða og sleppa og sleppingar gönguseiða laxa til endurveiði hefur sýnt sig að til þeirra þarf að taka sérstaklega þegar verið er að bera saman veiðitölur.



Laxveiði í íslenskum laxveiðiám á árunum 1974-2013 skipt eftir afla, veitt og sleppt og veiði úr sleppingum gönguseiða. Tölur fyrir 2013 eru bráðabirgða.

Breytileiki í stofnstærð laxastofna.

Sumarið 2013 var mikil aukning í laxveiði frá fyrra ári en á árinu 2012 var mikill samdráttur í laxveiði og var það ár meðal veiðiminnstu ára. Minnkunar í laxveiði 2012 varð vart í ám í öllum landshlutum, en þó minnst á Norðausturlandi. Aukning í veiði á milli áranna 2012 og 2013 kom

einnig fram í öllum landshlutum, mest á Vesturlandi en minnst á Norðausturlandi. Það hversu mikil og snögg umskiptin urðu á milli ára kom flestum á óvart en sýnir glögglega hversu breytilegt umhverfið og fiskgengd getur verið. Seiðarannsóknir síðustu ára sýna almennt stóra seiðaárganga í ánum og að ástæðna breytinga í fiskgengd hafi ekki verið að leita þar. Margt bendir til þess að skýringarnar sé að finna í hafinu á þeim tíma sem laxinn er dvelur þar á beitarsvæðum. Vöxtur laxa í sjó hefur breyst en tengsl eru á milli vaxtar í sjó, dánartölu og fiskgengdar. Mikilvægt er að nýting miðist við að viðhalda þeirri stærð hrygningarstofna sem skilar flestum nýliðum eftir hvert foreldri. Veiði-stjórnun sem miðar að því að viðhalda hrygningarstofnum er eitt af því fáa sem hægt er að hafa áhrif á, breytingum í umhverfinu stjórnum við ekki.



Fjöldi veiddra laxa í íslenskum laxveiðiám skipt eftir sjávaraldri á árunum 1970-2012. Byggt er á þeim ám þar sem skráning hefur verið samfelld sem er í rétt tæplega 90% áa hér á landi.

Breytingar á stofnum bleikju og urriða

Veiðitölur og talningar á bleikju hafa sýnt að á síðasta áratug hefur bleikju víða fækkað í ám og vötnum hér á landi. Ekki er vitað af hverju það stafar en líklegt er að það tengist hnattrænni hlýnun sem virkar á samkeppnisstöðu tegundar-innar, fæðu, lífeðlisfræðilegu þoli hennar gagnvart umhverfisaðstæðum og sníkjudýrum. Huga þarf í ríkari mæli að þessum þáttum m.a. í tengslum við vöktun lífríkis á norðurslóðum, en bleikja er hentug tegund til slíks þar sem hún hefur útbreiðslu allt umhverfis norðurpólinn og virðist viðkvæm fyrir breytingum á hitastigi. Á sama tíma og bleikju er víða að fækka hafa sjóbirtingsstofnar verið að stækka í ám á sumum landssvæðum og hugsanlega að yfirtaka þau búsvæði sem bleikjan nýtti áður. Frekari rannsóknna er þörf til að skilja betur þá þætti sem eru helst ráðandi um þær breytingar sem fram hafa komið í stofnum bleikju og sjóbirtings hér á landi en sú þróun sem fram kemur í veiðitölum er mikilvægur grunnur til þess.



Hlutfallsleg breyting í fjölda stangveiddra bleikja/sjóbleikja á árunum 1990-2012 skipt eftir landshlutum.



Hlutfallsleg breyting í fjölda stangveiddra urriða/sjóbirtings á árunum 1990-2012 skipt eftir landshlutum.

Framleiðsla áa

Um árabil hefur verið fylgst með framleiðslu smádýra í lykilám til að afla þekkingar á samspili þéttleika og tegundasamsetningu fæðudýra og fiskstofna. Til að bæta þá vitneskju enn frekar var unnið að verkefninu „Framleiðslugeta áa“ þar sem safnað hefur verið upplýsingum um undirstöðuþætti lífrænnar framleiðslu í ám. Rannsóknirnar voru unnar í tveimur ám; Norðurá í Borgarfirði og Selá í Vopnafirði. Miðað var við samanburð bæði á milli ánna og einnig innan þeirra með það að markmiði að öðlast meiri þekkingu um áhrif búsvæðagerða, legu, hæð yfir sjó, gróðurfars á vatnasviði og næringarefnainnihald vatnsins á lífræna framleiðslu. Í framhaldi þess var sett á laggirnar verkefni til að meta frumframleiðni í einni á, Úlfarsá, þar sem mælt var súrefnisinnhaldi vatns til að fá mat á ljóstillífun og öndun með nýjum mæliaðferðum. Einnig voru tekin sýni til rannsókna á þörungum og smádýrum bæði til að meta magn þeirra og tegundasamsetningu.

Stefnt er að því að með frekari útvíkkun og þróun þessara aðferða megi mæla tengsl lífrænnar framleiðslu áa, fiskframleiðslu ánna og stærðar fiskstofna. Slíkan samanburð megi síðan gera innan og milli áa og vatna.

Frumframleiðnimælingar í Úlfarsá. *Ljósm.: Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir.*

Fiskeldi og hafbeit til stangveiði

Á árinu 1997 voru málefni fiskeldis- og hafbeitarrannsóknir flutt frá Veiðimálastofnun, ásamt fjármagni til einkaaðila. Umfang fiskeldis hefur verið breytilegt hér á landi og fer nú vaxandi. Ljóst er að hagsmunir fiskeldis og nýting náttúrulegra stofna laxfiska fara ekki saman nema tryggt sé að fiskar sleppi ekki úr eldisaðstöðu. Gerist það hefur reynsla annarra landa sýnt að kynbættir eldisfiskar hafa neikvæð áhrif á náttúrulega stofna.

Blöndun við náttúrulega stofna getur haft óafturkræf erfðafræðileg áhrif og komið fram á tíma sem telur innan við 10 kynslóðir laxa en áhrifin aukast með fjölda fiska sem sleppur og eru meiri á smáa stofna en stóra. Þá eru víða erlendis þekkt vandamál sem tengjast ásókn laxalúsa í grennd við eldiskvíar á náttúrlega stofna. Mikilvægt er að þeir sem um þessi mál fjalla geri það af mikilli ábyrgð og þekkingu og að stjórnvöld marki stefnu varðandi staðsetningu fiskeldis og umfang með skipulagningu strandsvæða. Slíkt getur einnig nýst fiskeldinu sjálfu m.t.t. vandamála tengdum úrgangi, laxalús, og áhrifum á aðra starfsemi á þeim svæðum sem fiskeldi er stundað.

Veiðimálastofnun hefur unnið að því að gera áætlun um vöktun strokufiska úr fiskeldi með erfðafræðilegum aðferðum en líkur eru til að slíkt sé hægt. Til þess þarf að safna upplýsingum um erfðafræði fiska í eldi og vakta komur þeirra og umfang í veiðiám. Lögð hafa verið fram drög að slíkri áætlun þó hún hafi ekki komið til framkvæmda.

Til að fá upplýsingar um þá auðlind sem fiskeldi getur haft áhrif á er nauðsynlegt að gera rannsóknir á ám í grennd við fiskeldisstöðvar. Þá er og brýnt að bæta upplýsingar um framleiðslu í fiskeldi.

Fiskeldi hefur verið stundað í sjókvíum í yfir 40 ár en framleiðslan er mest í Noregi. Þar eru menn enn að glíma við þær fjölbreyttu afleiðingar sem þétt eldi á einni tegund á litlu svæði hefur í för með sér.

Samfara auknu fiskeldi hér á landi hefði þurft að standa betur að því að skrásetja og fylgjast með þessum hlutum þar sem aðstæður og áhrif geta

verið ólík því sem þekkt er erlendis. Erlendis hafa kröfur markaða leitt til þess að eldisfyrirtæki sækjast í auknum mæli eftir því að fá gæðavottun á sína framleiðslu. Telja verður líklegt að möguleikar íslensks fiskeldis geti legið í slíkri vottun og að um tækifæri til þess sé að ræða nú þegar áform eru um aukningu í fiskeldi í þriðja sinn.

Sleppingar laxagönguseiða úr eldisstöðvum til endurveiða með stangveiði er stunduð í nokkrum ám hér á landi. Þetta eru einkum ár sem hafa takmörkuð uppeldisskilyrði fyrir lax vegna óhagastæðrar botngerðar og lágs vatnshita. Þessar sleppingar hafa skilað viðbótar-veiðimöguleikum fyrir stangveiðimenn og tekjum til byggðarlaga og veiðiréttarhafa. Frá árinu 1996 hefur engin skipuleg rannsóknanar- eða þróunar-starfsemi verið stunduð í þessari starfsemi hvorki til að bæta grundvöll hennar né til að fá mat á áhrif hennar á aðra þætti.

Líklegt er að rannsóknar og þróunarvinna gæti skilað auknum verðmætum og hagkvæmni á þeim stöðum sem þessi starfsemi er stunduð.

Umsagnir og þjónusturannsóknir

Veiðimálastofnun gefur ýmis konar umsagnir, bæði til opinberra aðila, framkvæmdaaðila og veiðifélaga. Auk þess sem sinnt er ráðgjöf á ýmsum sviðum. Markmiðið er að gefa sem besta ráðgjöf miðað við þekkingu á hverjum tíma. Ljóst er að ráðgjöf getur ekki orðið betri en sú þekking sem hún byggir á. Því er brýnt að auka grunn-rannsóknir og markvissa þekkingaröflun. Slík þekkingarleit þarf að vera stöðug því ætíð vakna nýjar spurningar.

Hér á landi er umhverfi og umhverfisskilyrði mjög breytilegt. Þar sem svo háttar til er mikilvægt að hafa markvisst rannsóknarstarf á þeim sviðum sem snúa að nýtingu, verndun og viðhaldi fiskstofna og lífríkis í fersku vatni.

Framkvæmdaaðilar eru í auknum mæli farnir að gera sér grein fyrir áhrifum framkvæmda á umhverfi og lífríki og hvaða atriði þurfi að liggja fyrir við gerða umsagna. Ef upplýsingar liggja fyrir um framkvæmdir, ásamt þekkingu á lífríki á áhrifasvæði framkvæmda, greiðir það fyrir við mat á mögulegum áhrifum. Framkvæmdaaðilar taka í vaxandi mæli tillit til þeirra skilyrða sem sett eru strax í upphafi við hönnun mannvirkja og áætlanir um framkvæmdir. Með því móti má í mörgum tilfellum stytta ferli umsagna og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Selarannsóknir

Veiðimálastofnun hefur, með Selasetri Íslands á Hvammstanga, stundað selarannsóknir frá árinu 2009. Meðal verkefna hafa verið rannsóknir á fæðuvali sela, en áhersla er lögð á að greina hvaða áhrif landselir sem dvelja á ósasvæðum hafa á laxfiska. Fylgst hefur verið með ferðum sela með útvarpsmerkjum og selir hafa verið taldir í helstu látrum á Vatnsnesi í Húnaþingi vestra í selatalningu sem gerð er árlega m.a. í „selatalningunni miklu“. Unnið hefur verið að rannsóknum á áhrifum ferðamannaumferðar á seli en einnig hefur verið unnið að því að tengja þær við rannsóknir á áhrifum selaskoðunar á ferðamennsku.

Stjórn vatnamála - Vatnatilskipun

Í apríl 2011 voru sett lög um stjórn vatnamála sem byggja á vatnatilskipun ESB. Veiðimála-stofnun, ásamt fleiri stofnunum, hefur unnið að innleiðingu þeirra laga en áætlað var að innleiðing laganna lyki með s.k. vatnaáætlun.

Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, koma í veg fyrir hnignun vatnavistkerfa og vatnsgæða og að bæta ástand þar sem þess er þörf. Lögbundið hlutverk Veiðimálastofnunar felst í að leggja til gögn um lífríki ferskvatns og árósa og gegnir stofnunin samræmingarhlutverki á því sviði.

Í upphafi var farið í að og skipta landinu upp í vatnshlot og skilgreina gerðir vatnshlota en sú vinna var m.a. unnin í samstarfi við Veðurstofu Íslands. Í framhaldi þess var farið í að skilgreina gerðir og lýsa. Líffræðilegir gæðaþættir voru skilgreindir og útfrá því lagður grunnur að mati á líffræðilegu ástandi og viðmiðum fyrir ástand.

Þar sem byggt er á fyrirliggjandi gögnum hefur farið umtalsverð vinna í samræmingu eldri gangna, meta notagildi þeirra og rannsaka hvort og hvernig líffræðileg ástandsviðmið féllu að þeim gerðum sem lágu til grundvallar skiptingu í vatnshlot.

Sú vinna sem Veiðimálastofnun hefur lagt í þetta verkefni, hefur verið samkvæmt samningum við Umhverfisstofnun, sem hefur forræði með innleiðingu laganna. Við mótun starfsins hefur komið í ljós að um þróunarvinnu er að ræða og hefur umtalsverð vinna og tími farið í að tileinka sér hugtök og skilgreiningar sem notaðar eru.

Við afgreiðslu fjárlaga ársins 2014 voru framlög til innleiðingar laga um stjórn vatnamála skert það mikið að ljóst er að ekki verður af frekari vinnu á þessu sviði að sinni.

Vatnavistkerfi á jarðhitasvæðum

Undanfarin ár hefur Veiðimálastofnun rannsakað vatnalíf á háhitasvæðum landsins m.a. á Hengilssvæðinu. Um er að ræða rannsóknaverkefni Veiðimálastofnunar og verkefni sem unnin eru í samstarfi við Háskóla Íslands og erlenda háskóla. Þar hafa staðið yfir umfangsmiklar vistfræðirannsóknir sem meðal annars hafa að aðalmarkmiði að spá fyrir um áhrif loftslagshlýnunar á vistkerfi straumvatna.

Afrennsli jarðhitasvæðisins í Hengladölum er nýtt sem tilraunastofa undir berum himni þar sem tilgátur um áhrif loftslagsbreytinga eru prófaðar. Frekari rannsóknir á vatnavistkerfum annarra háhitasvæða hafa staðið frá 2011. En þær rannsóknir eru unnar í samvinnu við erlenda og innlenda vísindamenn. Rannsóknin nær til háhitasvæða sem eru frá því að vera í rúmlega 20 m y.s. upp í 1800 m y.s., þ.e Hveragerði, Ölkelduháls, Kerlingafjöll, Hveravellir, Torfajökull, Vonarskarð og Kverkfjöll.

Eitt af meginmarkmiðum rannsóknarinnar er að svara spurningum tengdum virkni og framleiðni vatnavistkerfa ofangreindra svæða auk þess að afla grunnupplýsinga um flóru og fánu svæðanna. Með þessum rannsóknum eru nýttir þeir möguleikar sem felast í að rannsaka og bera saman tegundasamsetningu og framleiðslu í vatni á afmörkuðum svæðum sem hafa mikinn mun í vatnshita og efnainnihaldi vatns. Út frá niðurstöðum þessara rannsókna má gera líkön og spá fyrir um hver áhrif hlýnunar komi til með að verða á vistkerfi í vatni.

Rannsóknir vegna framkvæmda

Við undirbúning og mat á áhrifum framkvæmda er mjög mikilvægt að fyrir liggi þekking á lífríki á viðkomandi áhrifasvæði. Framkvæmdir sem varða lífríki í ám og vötnum geta verið af ýmsum toga og ólíkri stærðargráðu en þar má nefna, bakkavarnir, malartekju, gerð veiðistaða, vegagerð og vatnsaflsvirkjanir. Vöktun lífríkis í ám og vötnum landsins sem tengjast framkvæmdum og undirbúningi fyrir framkvæmdir tengdum vatnsaflsvirkjunum hafa verið talsvert viðamiklar í starfsemi Veiðimálastofnunar á síðari árum. Þar má nefna vöktun á fiskstofnum Sogs og áhrifum af rekstri virkjana þar.

Umtalsverðar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum virkjana á vatnasvæði Þjórsár, Tungnár og Köldukvíslar en þar eru staðsettar margar stórar vatnsaflsvirkjanir í ám sem eru að miklum hluta jökulár. Vegna áhrifa af vatnsmiðlunum og viðstöðu vatns í lónum hafa orðið breytingar á lífríki, bæði í lónunum sjálfum og í ánum neðan þeirra. Þannig hefur orðið breyting á fiskframleiðslu og veiði í Þjórsá með betri lífsskilyrðum fyrir laxfiska sem jafnframt má rekja til opnunar nýrra svæða með byggingu fiskstiga sem opnaði leið að nýjum búsvæðum ofan hans.

Þekking á þeirri framvindu sem orðið hefur á þessu svæði hefur nýst til að meta áhrif af fyrirhuguðum virkjunum í neðri hluta Þjórsár. Sambærileg þekking af virkjunum á vatnasvið Þjórsár, Tungnaár og Blöndu var nýtt við að meta áhrif Kárahnjúkavirkjunar á lífríki í Jökulsá á Dal og Lagarfljóti fyrir byggingu hennar. Eftir að virkjunin tók til starfa hafa verið gerðar vistfræðirannsóknir í Lagarfljóti og Jöklu til að fylgjast með framvindu lífríkis við breyttar aðstæður. Þar hefur bæst við þekking á áhrifum

framkvæmda en slíkar rannsóknir geta nýtst síðar við mat á áhrifum annarra framkvæmda.

Síðustu tvö ára hafa gönguseiði laxa verið talin og merkt í Kálfá sem er hliðará Þjórsár. Hugmyndin er að nota hana sem viðmið til að meta stofnstærðir og veiðiálag á laxastofna á vatnasvæði Þjórsár. Í þeim tilgangi var einnig komið fyrir laxateljara í Kálfá til að telja fiska í uppgöngu og meta hlutfall merktra fiska. Með þessum rannsóknum er leitast við að fá skýrari mynd af stofnstærð laxa á vatnasvæði Þjórsár sem grunn til að meta áhrif fyrirhugaðra virkjana.

Gildra til veiða á gönguseiðum í Kálfá. *Ljósm.: Magnús Jóhannsson.*

Samstarf og afurðir

Starfsfólk Veiðimálastofnunar tekur þátt í mörgum og margþættum verkefnum í samstarfi við vísindamenn og stofnanir bæði innan lands og utan. Meðal samstarfsverkefna er vinna í laxanefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES), sem tekur árlega saman yfirlit yfir ástand laxastofna í Norður-Atlantshafi.

Gagnabanki með upplýsingum um erfðafræði laxa hefur verið settur á laggirnar og hefur hann nýst við greiningar á uppruna laxa sem komið hafa sem meðafli í makrílveiðum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Fiskistofu og Matís. Unnið er að verkefni um bleikju á Norðurslóðum (NORDCHAR) sem einkum snýr að erfðafræði og vistfræði bleikju og fjölbreytileika hennar á milli svæða. Tilgangurinn er m.a. að gera sér grein fyrir þeim breytingum sem kunna að verða samfara loftslagsbreytingum. Auk þess tekur stofnunin þátt í vinnu við að setja upp vöktunarrannsóknir á líffræðilegum fjölbreytileika lífríkis í vatni á norðurslóðum á breiðari skala í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Samstarf hefur verið við Fisksjúkdómadeildina á Keldum og erlenda sérfræðinga við að greina og meta áhrif sjúkdóma, einkum nýrnasýki á afkomu fiska í ám og vötnum. Nýrnasýki er talin geta átt þátt í að draga úr nýliðun á fiskstofnum með auknum afföllum á ungfiski. Verkefnið er styrkt af Rannís.

Afurðir starfsmanna Veiðimálastofnunar á árinu 2013 hafa birtast í ritrýndum tímaritum og í öðrum af þeim fjölmörgu ritverkum sem talin eru upp í ritaskránni. Skýrslur Veiðimálastofnunar eru aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar en um er að ræða tæplega 2000 skýrslur sem spanna tímabilið frá 1946 til dagsins í dag.

Starfsmenn á fagfundi Veiðimálastofnunar haustið 2013.

Ágrip úr ritrýndum greinum

Athugun á viðmiðunargenum fyrir tjáningar-greiningar í höfuðbeinaþroskun bleikju.

Ahi SP, Guðbrandsson J, Kapralova KH, Franzdóttir SR, Snorrason SS, Maier VH and Jónsson ZO 2013. Validation of reference genes for expression studies during craniofacial development in arctic charr. PLOS ONE 8(6).

Bleikja (*Salvelinus alpinus)* er margbreytileg tegund og innan Þingvallavatns á Íslandi hafa þróast 4 útlitsafbrigði. Þessi breytileiki í útliti, sérstaklega í höfuðbeinum, kemur í ljós snemma í þroskun sem bendir til þess að gen sem skipta máli í höfuðbeinamyndun séu tjáð með ólíkum hætti eftir afbrigðum. Markmið þessarar rannsóknar var að finna viðmiðunargen fyrir magnbundið rauntíma fjölliðuhvarf (*quantitative real-time PCR, qPCR*) til að hægt sé að meta tjáningarmun gena í bleikju. Nánar tiltekið vildum við finna viðmiðunargen svo mögulegt sé að meta mun í tjáningu milli ólíkra útlitsafbrigða. Við völdum til prófunar tólf gen sem notuð hafa verið í öðrum rannsóknum gegnum tíðina, náðum í basaröð þeirra í bleikju í raðgreiningar-gögnum úr öllu umritunarmenginu (*RNA-seq*) og athuguðum tjáningu þeirra með qPCR. Flest genanna höfðu stöðuga tjáningu en gæði þeirra sem viðmiðunargen voru ólík eftir því hvaða hugbúnaður og metlar voru notaðir. Auk vinsæls hugbúnaðar til að meta gæði viðmiðunargena notuðum við klassíska tölfræði til að greina tjáningarmynstur, til að forðast að velja við-miðunargen sem fylgja svipuðu mynstri (samtjáð gen). Á grundvelli þessa athugana völdum við 3 viðmiðunargen, ACTB, UB2L3 og IF5A1 til nánari skoðunar. Stöðugleiki þeirra var athugaður með tjáningargreiningu á þremur genum sem hefur verið sýnt fram á að gegni hlutverki í höfuð-beinamyndun, *sparc* (eða *osteonectin*), *matrix metalloprotease 2* (*mmp2*) og *sox9* (*sex-determining region Y box 9 protein*). Notast var við qPCR aðferð í hausum bleikjufóstra úr 4 mismunandi útlitsafbrigðum á þremur þroska-stigum. Öll genin þrjú reyndust henta vel sem viðmiðunargen fyrir greiningar á tjáningarmun milli afbrigðanna. Þau gerðu okkur kleift að greina knappan mun í tjáningu gena í þroskun bleikju. Auk þess sýndu athuganir okkar að bæði *sparc* og *mmp2* hafi ólíka tjáningu í fóstrum mismunandi bleikjuafbrigða.

Hið villta norður: Samstarfsvettvangur aðila í sjalfbærri ferðaþjónustu á viðkvæmum sjávarsvæðum á norðurheimskautssvæðinu.

Granquist. S. and Nilsson, P.Å. (2013) The Wild North: Network Cooperation for Sustainable Tourism in a fragile Marine Environment in the Arctic Region. InMüller, D., Lundmark, L. and Lemelin, R. (Eds.), *New Issues in Polar Tourism,* Heidelberg: Springer, pp. 123-132.

Ört vaxandi straumur ferðamanna til norðurheimskautssvæðisins hefur aukið þörf á sjálfbærni í náttúrulífsferðamennsku. Verkefnið Hið villtra norður (*The Wild North*) sýnir fram á hvernig mismunandi hagsmunaaðilar á norðurheimskautssvæðinu geta unnið saman að þróun sjálfbærrar náttúrulífsferðamennsku með þverfarglegum rannsóknum, virku samstarfi og miðlun kunnáttu. Í þessu alþjóðlega verkefni er einblínt á hvala-, sela-, melrakka- og fuglaskoðun. Hugmyndin að verkefninu kom frá aðilum í ferðaþjónustunni og hlaut það hljómgrunn hjá opinberum aðilum og fræðimönnum innan náttúruverndar- og ferðamálafræðageiranum.

Áhrif flökkulax úr eldi á stofngerð lax (*Salmo salar*) í 21 km löngu árkerfi á Íslandi.

Guðmundsson LA, Guðjónsson S, Marteinsdóttir G, Scarnecchia DL, Daníelsdóttir AK and C Pampoulie 2013. Spatio-temporal effects of stray hatchery-reared Atlantic salmon *Salmo salar* on population genetic structure within a 21 km-long Icelandic river system. Conservation Genetics 14: 1217–1231.

Tilhneiging lax (*Salmo salar*) til stofnamyndunar milli áa og innan stórra árkerfa (>100 km) er vel þekkt en mun minna er vitað um stofnamyndun innan smárra árkerfa (<30 km). Í þessari rannsókn könnuðum við erfðafræðileg áhrif flökkulax úr eldi á stofngerð og erfðasamsetningu lax í árkerfi Elliðaáa (Elliðaár, Hólmsá og Suðurá), litlu árkerfi (21 km) á suðvesturhorni landsins. Erfðasamsetning villts lax og eldislax (hafbeitarlax og kvíalax; n = 931) var könnuð í tíma og rúmi með sjö „microsatellilte“ erfðamörkum og við greiningu gagna var m.a. notast við F_{ST}, ættartré (D_A) og Bayesian flokkunargreiningu (STRUCTURE). Helstu niðurstöður voru þær að stofnamunur greindist milli áa og var erfðasamsetning tiltölulega stöðug í Elliðaánum frá 1948 til 2005. Hins vegar var erfðasamsetning óstöðug í tíma í efri ánum (Hólmsá og Suðurá) og ekki greindist stofnamunur milli þeirra árið 2002. Blendingar villts lax og eldislax greindust í ánum þegar innstreymi eldislax í árnar átti sér stað og nokkrum árum síðar sem bendir til þess að erfðablöndun hafi breytt erfðasamsetningu villtu laxastofnanna. Þörf er á fleiri rannsóknum á Íslandi og annars staðar á stofngerð lax í litlum árkerfum eða svæðum og á þeim þáttum sem mögulega stuðla að stofnamyndun.

Niðurstöður rannsóknarinnar geta gagnast við stjórn nýtingar og vernd laxastofna. Að auki þarf staðsetning laxeldis að taka mið af mögulegum neikvæðum áhrifum á villta laxastofna.

Aukin framleiðni við hækkandi hita í lækjum stuðlar að fleiri fæðuþrepum

Hannesdóttir ER, Gíslason GM, Ólafsson JS, Ólafsson ÓP and O´Gorman EJ 2013. Increased stream productivity with warming supports higher trophic levels. Advances in Ecological Research 48:285-342.

Spár gera ráð fyrir 0,6 til 4,0 °C hlýnun við lok þessarar aldar í samanburði við hitastig tímabilsins 1980 til 1999. Samhliða hlýnandi loftslagi gera spár ráð fyrir því að vatnshiti hækkar. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða áhrif aukins hitastigs á lífverur í ferskvatni með því að skoða samfélög í sjö lindalækjum í Hengladölum sem hafa vatnshita á bilinu 5.3 til 21.3 °C, yfir 1 til 1,5 árs tímabil. Frumframleiðendur, síðframleiðendur og afræningjar voru skoðaðir í lækjunum, þar sem mat var lagt á þekju gróðurs, lífsferlar og vöxtur níu tegunda hryggleysingja var ákvarðaður ásamt því að lífmassi þeirra var metinn auk þess var lífmassi topp afræningjans (urriðans) reiknaður. Með hækkandi hita lækjanna jókst þekja gróðurs, hryggleysingjarnir uxu hraðar og luku fleiri

kynslóðum á ári auk þess var lífmassi þeirra hærri. Síðframleiðsla jókst með auknum hita lækjanna sem stuðlaði að auknum lífmassa af urriða.

Erfðamörk til að þekkja tegund móður í lax- og urriðablendingum.

Karlsson, S., M. Hagen, L. Eriksen, K. Hindar, A. J. Jensen, C. G. de Leaniz, D. Cotter, G. Guðbergsson, K. Kahilainen, S. Guðjónsson, A. Romakkaniemi and N. Ryman 2013. A genetic marker for the maternal identification of Atlantic salmon x brown trout hydrids. Conservation Genet Resour. 5:47-49.

Blöndun milli tegundanna lax og urriða er vel þekkt. Af hverju blöndun er mismikil milli stofna er hins vegar ekki þekkt. Að geta þekkt tegund móður í blendingum þessara tegunda getur veitt innsýn í hvernig blöndun þessara tegunda verður, en þær upplýsingar skortir í mörgum rannsóknaverkefnum. Í greininni er sagt frá hvatberaerfðamörkum sem eru sérstök fyrir tegundirnar til að þekkja móður blendinga. Til að greina erfðamörkin er notuð einföld aðferð sem er fljótleg og ódýr.

Aðgreining á MHCIIα *og* Cath2 meðal samsvæða bleikjuafbrigða (*Salvelinus alpinus*) í Þingvallavatni.

Kapralova KH, Guðbrandsson J, Reynisdottir S, Santos CB, Baltanas VC, Maier VH, Snorrason SS and Palsson A 2013. Differentiation at the *MHCIIα* and *Cath2* Loci in Sympatric *Salvelinus alpinus* Resource Morphs in Lake Thingvallavatn. PLOS ONE 8(7).

Norrænir ferskvatnsfiskar námu ný búsvæði eftir síðustu ísöld (u.þ.b. 10.000 árum) og gætu því hentað vel til að grafast fyrir um erfðafræðilegan bakgrunn vistfræðilegra eiginleika. Í kjölfar landnáms bleikju (*Salvelins alpinus*) í íslenskum fall- og stöðuvötnum hefur fjöldi dvergstofna myndast og oft í sambúð við aðra bleikjustofna. Til að mynda hafa fyrri rannsóknir sýnt marktækan en nauman erfðafræðilegan mun milli þriggja algengustu afbrigða bleikja í Þingvallavatni. Við skimuðum fyrir erfðabreytileika í fjórum ónæmisgenum; *Cathelicidin 2* (*Cath2*), *Hepcidin* (*Hamp*), *Liver expressed antimicrobial peptide 2a* (*Leap-2a*) og *Major Histocompatibility Complex IIα* (*MHCIIα*) og einnig í hvatberaerfðamarki (D-loop) meðal þriggja algengustu bleikjuafbrigðanna í Þingvallavatni. Marktækur munur var á tíðni erfðasamsæta milli afbrigða á breytilegum setum í *Cath2 og MHCIIα*. Engin munur fannst í hvatberamarkinu eða í hinum ónæmisgenunum. Á *Cath2* setinu vék dvergbleikja frá hinum tveimur afbrigðunum (*FST* = 0,13), breytileiki í einu basaseti gensins velur amínósýrubreytingu í prótínafurðinni sem er örverudrepandi peptíð. Eftirtekarverður munur fannst í *MHCIIα.* Tvær samsætur voru algengar í vatninu, og tíðni þeirra var mjög ólík milli afbrigðanna (frá 22% til 93,5%, FST = 0,67). Við færðum út kvíarnar með því að athuga breytileikann í *Cath2* og *MHCIIα* í níu bleikjustofnum víðsvegar af landinu. Stofnarnir sýndu mikinn mun í samsætutíðni á *Cath2* setinu, en breytileikinn hélst ekki í hendur við útlitsbreytileika. Samsætutíðni á *MHCIIα* setinu var mjög áþekk tíðninni innan dvergbleikju og kuðungableikjustofnanna í Þingvallavatni.

Niðurstöður okkar eru í samræmi við þróun ónæmiskerfisins samfara aðskilnaði milli bleikjustofna á Íslandi eftir landnám tegundarinnar fyrir um það 10.000 árum.

Kísilþörungar sem umhverfisvísar: Áhrif tilrauna með niturmengun á samfélög kísilþörunga í norðlægum fjallalækjum.

Rakel Gudmundsdottir, Snaebjorn Palsson, Elisabet Ragna Hannesdottir, Jon S. Olafsson, Gisli Mar Gislason and Brian Moss 2013. *Diatoms as indicators: The influences of experimental nitrogen enrichment on diatom assemblages in sub-Arctic streams*. Ecological Indicators 32: 74-81.

Vísar (*indices*) sem byggðir eru á vistfræði kísilþörunga eru víða notaðir til þess að meta vatnsgæði. Þeir eru venjulega byggðir á fylgni milli fjölbreytni og tegundasamsetningu kísilþörunga og umhverfisbreyta án þess að hafa

verið prófaðir með beinum tilraunum. Tilraun okkar beindist að því að prófa þekkta vísa s.s. Sørensen fjölbreytileikastuðulinn (β fjölbreytileiki), Shannon fjölbreytileikastuðulinn (α fjölbreytileiki) og TDI stuðulinn (T*rophic diatom index)* í tengslum við kísilþörungasamfélög í misheitum fjallalækjum. Í þessum lækjum er nitur takmarkandi næringarefni. Tilraunin beindist að því að nitri var bætt í neðri hluta átta lækja til að líkja eftir ofauðgun. Efri hluti lækjanna var notaður sem viðmið. Þéttleiki kísilþörunga jókst marktækt í neðri hluta lækjanna en engin áhrif af niturmengun voru merkjanleg á þéttleika hryggleysingja í lækjunum. Því mátti gera ráð fyrir að beitaráhrif frá dýrum á þörunga væru ekki marktæk þrátt fyrir niturmengun. Fjölbreytileiki innan lækja (*Shannon index*) var marktækt minni eftir niturmengun en engin áhrif var að merkja á fjölbreytileika milli lækja (*Sorensen index*). TDI stuðullinn, sem á að bregðast við næringarefnaauðgun og er hannaður sem slíkur, sýndi ekki fram á að neinar breytingar hafi átt sér stað á kísilþörungasamfélögunum og gildi hans voru almennt lág í bæði neðri- og efri hluta lækjanna. Þéttleiki kísilþörungaættkvíslanna *Achnanthes* og *Gomphonema* jókst marktækt í í neðri hluta lækjanna en aftur á móti minnkaði þéttleiki ættkvíslanna *Nitzschia* og *Fragilaria* marktækt þar. Sjaldgæfari tegundir, sem voru um 40% af heildar þéttleikanum í efri hluta lækjanna voru um 15-18% af heildar þéttleikanum á áhrifasvæði niturauðgunar. Ennfremur, breyttust vaxtarform kísilþörunga þar. Vaxtarform sem einkenndust af kísilþörungum sem eru fastir við steina í slímhimnu (*mucilage pads*) voru meira áberandi í neðri hlutum lækjanna miðað við efri hluta þeirra. Hreyfanlegum kísilþörungum fækkaði á áhrifasvæði niturauðgunar. Stærð kísilþörunga breyttist ekki milli svæða innan lækja. Þessi rannsókn sýndi fram á að það sé mikilvægt að prufa umhverfisvísa með beinum tilraunum áður en þeir eru notaðir á öðrum svæðum en þeir voru hannaðir fyrir.

Námsverkefni

Námsverkefni efla tengsl Veiðimálastofnunar við menntastofnanir og atvinnulíf. Um er að ræða samstarfsverkefni milli Veiðimálastofnunar og íslenskra jafnt sem erlendra háskóla. Starfsmenn stofnunarinnar koma að þeim verkefnum með því að leiðbeina og aðstoða með ýmsum hætti. Verkefnin eru af margvíslegum toga og eru misjafnlega langt á veg komin. Nú eru fjórir nemar í meistaranámi og fimm í doktorsnámi. Árið 2013 lauk einn nemi við meistaraverkefni og einn starfsmaður varði licentiateritgerð.

Lífshættir flundru (*Platichthys flesus*) á ósasvæði Hvítár í Borgarfirði.

Ásgeir Valdimar Hlinason varði meistararitgerð við Landbúnaðarháskóla Íslands þann 28. maí 2013. Leiðbeinandi: Sigurður Már Einarsson sérfræðingur á Veiðimálastofnun.

Með hækkandi sjávarhita hefur nýjum fisktegundum í hafinu umhverfis Íslands fjölgað. Á undanförnum árum virðast fjórar nýjar tegundir hafa náð fótfestu hérlendis steinsuga (*Petromyzon marinus*), sandrækja (*Crangon crangon*), grjótkrabbi (*Cancer irroratus*) og flundra (*Platichthys flesus*), sem einnig nýtir búsvæði í árósum og ferskvatni á hluta lífsferilsins, en tegundin var fyrst greind á Íslandi árið 1999.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna útbreiðslu flundru við Ísland, og lífshætti flundru á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði ásamt umhverfisþáttum; (1) landnám var kannað með heimildaleit og spurningalista til veiðifélaga (2) rannsökuð var, stærðarsamsetning, aldur, vöxtur, kynjahlutfall, kynþroski, fæða og fæðuval flundrunnar á þremur stöðvum á ósasvæði Hvítár (3) umhverfisþættir voru mældir, hitastig á mælistöðum, selta, auk athugana á búsvæðum (4) gerður var samanburður á fæðu laxfiska (*Salmonidae*) og flundru. Rannsóknin fór fram á tímabilinu maí – september 2011 auk þess voru notuð gögn frá Veiðimálastofnun sem safnað var árið 2010. Göngur flundrunnar inná ósasvæðið fóru eftir árstíðum, lítið var af fiski um vorið en

jókst er leið á haustið. Geldfiskur var ríkjandi er ofar dró í ósnum. Kynþroska fiskur gekk utar um haustið, en geldfiskar urðu eftir. Aldur flundrunnar spannaði frá 0+ til 8+ (vorgömul seiði- flundru á níunda ári) og hrygnur voru algengari í eldri aldurshópum. Flundrurnar voru á lengdarbilinu 8-42 cm. Mikill breytileiki kom fram í fæðu flundrunnar eftir stöðvum. Marflær (*Gammarus spp*) voru ríkjandi í fæðu flundru í ísöltu vatni, einnig bar nokkuð á silungaseiðum og fiskleifum. Fæðuval flundru í sjó var fjölbreyttara, helstu fæðugerðir voru skeldýr (*Bivalvia*), marflær, sandmaðkur (*Arencola-marina*), trönusíli (*Hyperoplus lanceolatus*) og fiskleifar. Einnig fundust laxaseiði í magasýnum flundru í Andakílsá. Flundra er því ósérhæfð í fæðuvali. Flundra er afræningi á fiskum, m.a. laxfiskum, og fæðuval flundru og laxfiska skarast að töluverðu leyti, t.d. ögnum, marfló og trönusíli. Samkeppni ríkir því að einhverju leyti um fæðuna á ósasvæði Hvítár milli flundru og laxfiska.

Samkvæmt könnuninni nær útbreiðsla flundrunnar nú frá Breiðdalsvík að austanverðu, réttsælis með landinu og norður í Skagafjörð. Flundran virðist ekki hafa numið land frá norðanverðum Skagafirði að Breiðdalsvík

Landselir (*Phoca vitulina*) og ferðamenn á Íslandi: Hver er að horfa á hvern? Harbour seals (*Phoca vitulina*) and tourists in Iceland. Who´s watching who?

Sandra Granquist varði licentiateritgerð við Stockholmsháskóla þann 15. nóvember 2013. Leiðbeinandandi: Anders Angerbjörn prófessor hjá Stockholm University. Meðleiðbeinandi: Hrefna Sigurjónsdóttir prófessor hjá Háskóla Íslands.

Náttúrutengd ferðaþjónusta er ört vaxandi geiri innan ferðamálaiðnaðarins. Mikilvægt er að stuðla að jafnvægi á milli náttúruverndunar og rétts ferðamanna og hagsmunaaðila til að nýta náttúruna sem auðlind. Skortur er þó á þverfaglegri samvinnu á milli líf- og ferðamálafræðinga. Í þessari ritgerð greini ég frá rannsóknum mínum á samspili landsela (*Phoca vitulina*) og ferðamanna á Vatnsnesi á norðurlandi vestra. Í *Vísindagrein I* var áhrif selskoðunar á hegðun og útbreiðslu landsela könnuð. Hegðun ferðamanna var einnig könnuð. Niðurstöður sýna að truflun vegna ferðamanna leiddi af sér aukna árvekni sela og hafði áhrif á útbreiðslu þeirra. Gerð ferðamannahópa (stakir ferðamenn, pör, fjölskyldur og hópar) hafði áhrif á ferðamannahegðun, en stakir ferðamenn og pör voru rólegri heldur en fjölskyldur og hópar. Erfiðleikar við yfirfærslu kunnáttu frá akademíu til ferðamannaiðnaðar, ásamt skorti á þverfaglegu samstafi þegar kemur að því stjórna náttúrutengdri ferðaþjónustu, gæti haft óbein truflandi áhrif á villt dýr. Í *Vísindagrein II* er fjallað um samstarf á milli líffræðinga og ferðamálafræðinga, ávinninginn af þverfaglegum rannsóknum og mikilvægi þess að taka tillit til rannsóknarniðurstaðna beggja geiranna þegar kemur að stjórn á ferðamennsku tengdri villtum dýrum. Aðferð er kynnt, þar sem hagnýting og vörn villtrar náttúru skipar jafn mikilvægan sess, þegar markmiðið er að skapa sjálfbært samspil á milli ferðamannaiðnaðar og villtrar náttúru. Aðferðin er útskýrð með dæmi um hvernig má sameina niðurstöðurnar úr *Vísindagrein I* og niðurstöður fengnar úr ferðamálafræðirannsókn þar sem álit ferðamanna á náttúrutengdri ferðaþjónustu er könnuð. Þegar niðurstöður þessarar greina eru lagðar saman, er ljóst að ferðamenn vita ekki alltaf hvernig ber að haga sér til þess að halda truflun í lágmarki og undirstrikar það nauðsyn þess að leggja áherslu á fræðslu. Ráðlagt er að yfirfæra kunnáttu sem vísindamenn öðlast með þessari þverfaglega nálgun, til ferðamannaiðnaðarins, með því að nota vel útskýrðar hegðunarreglur byggðar á rannsóknarniðurstöðum.

Brot úr fréttum ársins af vef Veiðimálstofnunar

Vefur Veiðimálstofnunar gegnir æ viðameira hlutverki. Reynt er að hafa vefinn lifandi og upplýsandi auk þess sem þar er að finna upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar.

31. janúar 2013

Selatalningin mikla í Húnaþingi vestra

Færri selir fundust í Selatalningunni miklu í Húnaþingi vestra árið 2012 en fyrri ár. Veiðimálastofnun stendur fyrir margvíslegum selarannsóknum á Íslandi í samstarfi við Selasetur Íslands á Hvammstanga, en eitt aðalrannsóknarsvæðið er Vatnsnes og Heggstaðarnes í Húnaþingi vestra. Selir eru taldir á landsvísu á nokkurra ára fresti úr flugvél.

15. apríl 2013

Undirstöður lífs í Úlfarsá mældar. Frumframleiðni mæld í fyrsta skiptið í íslenskri laxveiðiá

Nýlega hóf Veiðimálastofnun rannsókn á grunnþáttum í lífríki Úlfarsár, eða Korpu, eins og hún er einnig nefnd. Óhætt er að fullyrða að hér sé um tímamótarannsókn að ræða því frumframleiðni hefur ekki áður verið mæld í straumvatni á Íslandi. Frumframleiðni er í grunninn framleiðsla á lífrænu efni úr koldíoxíð og nánast allt líf á jörðinni er á einn eða annan hátt háð því ferli.

14. júní 2013

Fyrstu smálaxarnir eru mættir í árnar og sýna góðan vöxt í sjó

Gagnaraðir Veiðimálastofnunar sýna að þegar vöxtur er lítill í sjó eru göngur einnig litlar og þar með veiði. Þetta skýrist af því að þegar skilyrði eru erfið í sjó er vöxtur minni og afföll meiri.

15. ágúst 2013

Ný fræðigrein um áhrif eldislax á stofngerð náttúrulegs lax í árkerfi Elliðaáa

Í rannsókninni var erfðaefni lax í árkerfi Elliðaáa kannað, þ.e. í Elliðaánum, Hólmsá og Suðurá. Nýtt voru hreistursýni frá 1948 og 1962 og sýni af laxi frá því kringum 1990 og 2005, bæði af

seiðum og fullorðnum laxi. Rannsóknin leiddi í ljós að erfðasamsetning laxins í Elliðaánum var stöðug milli elstu sýnanna. Niðurstöður rannsóknarinnar styðja að varast ber erfðablöndun villts lax og eldislax. Jafnframt veita niðurstöðurnar innsýn í stofngerð lax almennt.

29. ágúst 2013

Enn ber á „örlöxum“ í veiði - nú á Norð-austurlandi

Nokkuð hefur borið á svokölluðum örlöxum, það er mjög smáum laxi í ám á Norðausturlandi. Á síðasta sumri var töluvert um slíkan lax á Vestur- og Norðurlandi. Fyrir nokkrum árum fór að bera á þessum örlöxum það eru laxar undir 50 cm að lengd og undir 1,5 kg að þyngd. Veiðimála-stofnun gerði þá grein fyrir sýnum af þessum löxum.

8. október 2013

Ný vísindagrein um áhrif hækkandi hitastigs á vatnalífverur

Spár um loftlagsbreytingar gera ráð fyrir 0.6 til 4.0 °C hlýnun við lok aldarinnar í samanburði við gildi fyrir tímabilið 1980 til 1999. Samhliða hlýnandi loftslagi mun vatnshiti hækka. Markmið rannsóknarinnar var að skoða áhrif hækkandi hitastigs á mismunandi fæðuþrep. Rannsóknin fór fram í Hengladölum þar sem lífverusamfélög í sjö lækjum á bilinu 5.3 til 21.3 °C voru skoðuð. Hengladalir er einstakt svæði þar sem vísinda-mönnum hefur gefist tækifæri til að framkvæma margbreytilegar vistfræðirannsóknir.

9. október 2013

Mikil aukning í laxveiði úr íslenskum ám sumarið 2013

Laxveiðin 2013: Samkvæmt bráðabirgðatölum sem nú liggja fyrir veiddust um 69.000 laxar á stöng á landinu sumarið 2013 en af þeim mun um 18.000 (26%) hafa verið sleppt aftur og var heildarfjöldi landaðra stangveiddra laxa (afli) því um 51.000 laxar. Nærri lætur að veiði hafi tvöfaldast frá árinu 2012 en þá var stangveiðin alls 34.786 laxar. Laxveiðin 2013 var um 42% meiri en meðaltalsstangveiði áranna 1974-2012.

19. nóvember 2013

Athyglisverð rannsókn í Strandasýslu

Árið 2012 gerði Veiðimálastofnun rannsókn á tæplega 20 ám á Ströndum, frá Hrútafirði norður til Ingólfsfjarðar. Með rannsókninni var skoðað norður – suður snið, sem náði yfir tæpa 100 km í beinni loftlínu. Markmið rannsóknarinnar var að gera úttekt á fiskstofnum í þeim tilgangi að afla upplýsinga um búsvæði ánna, frjósemi þeirra, möguleika til veiðinýtingar og uppbyggingar þeirra og kanna samspil umhverfisþátta við útbreiðslu og þéttleika laxfiska. Niðurstöður gáfu til kynna mikinn breytileika í efna– og eðliseiginleikum straumvatnanna, en ákveðið mynstur kom fram, þar sem vatnshiti, rafleiðni, sýrustig og magn blaðgrænu fór fallandi eftir því sem norðar dró.

25. nóvember 2013

Ný viðamikil yfirlitsgrein um göngu laxaseiða til sjávar

Notaðar voru niðurstöður úr 67 laxveiðiám, þar af voru 3 ár á Íslandi. Það eru Elliðaár, Miðfjarðará í Húnaþingi og Vesturdalsá í Vopnafirði. Rannsóknin leiddi í ljós að laxaseiði austan við Atlantshafið fara fyrr til sjávar en seiði vestan þess. Umhverfisþættir ráða miklu um byrjun sjógöngu laxaseiða. Hækkandi hiti í ferskvatni upp í 10 °C hefur jákvæð áhrif á sjógöngu. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að laxaseiði fara nú fyrr til sjávar en áður vegna hlýnunar loftslags sem nemur að jafnaði 2,5 dögum á áratug.

Tjörn við Skaftafell. *Ljósm.: Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir.*

Umsagnir

Í kjölfar breytinga á lagaumhverfi lax- og silungsveiði, fiskræktar og fiskeldis er í vaxandi mæli leitað eftir sérþekkingu Veiðimálastofnunar til að gefa umsagnir er að þessum málaflokkum lítur og vegna framkvæmda. Markmið þess er að gera stjórnsýslu og ákvarðanatöku betri og markvissari. Þar er um að ræða mat á áhrifum framkvæmda og nýtingar fiskistofnaáætlanagerð, landskipulag og lagafrumvörp. Vegna framkvæmda eru umsagnir um aðal- eða deiliskipulagsmál er snerta lífríki í ám og vötnum, efnistöku, vegaframkvæmdir, bakkavarnir, virkjanir bæði smáar og stórar, frárennsli og lagnir svo dæmi séu tekin. Í mörgum tilfellum krefst umsögn þess að gerð sé rannsókn á vettvangi. Varðandi fiskrækt og nýtingu taka umsagnir til m.a. nýtingar ófiskgengra svæða, fiskrækt með seiðasleppingum, fjölda veiðitækja (stanga og neta) lengd veiðitíma og veiðiþol stofna. Það felur m.a. í sér að meta hvort nýting fiskstofna teljist sjálfbær sem er grunnskilyrði nýtingar náttúrulegra stofna. Á síðustu árum hefur umsögnum um rekstrarleyfi til fiskeldis fjölgað í kjölfar aukinna áforma um fiskeldi auk endurnýjunar eldri rekstrarleyfa. Af fjölda umsagna sést að umtalsverð vinna er þessu samfara en markmiðið er að bæta grundvöll ákvarðanatöku til að ná frekar þeim markmiðum stjórnvalda sem kveðið er á um í lögum. Þótt að ferli umsagna geti virkað þungt í vöfum við fyrstu sýn er sífellt betur að koma í ljós að framkvæmdaaðilar hafa tekið í ríkara mæli tillit til umhverfissjónarmiða og sjálfbærni strax á fyrstu stigum áætlana. Með því má í mörgum tilfellum samræma þarfir athafna og umhverfis án aukins kostnaðar eða óþarfa röskunar á lífríkinu.

	2013	2012	2011	2010
Framkvæmdir	47	23	24	43
Veiðinýting	30	32	22	19
Fiskeldi	9	16	11	9
Skipulagsmál	6	4	3	3
Stjórnvöld	4	5	7	11
Samtals	96	80	67	85

Birtingar og kynningar starfsmanna

Í ritaskrá hefur ritunum verið skipt í eftirfarandi flokka: Ritrýndar greinar, skýrslur útgefnar af Veiðimálastofnun, aðrar skýrslur, annað ritað efni og skilagreinar. Í ritaskrá er einnig listi yfir erindi sem starfsmenn stofnunarinnar hafa flutt á ráðstefnum og öðrum vettvangi og námsritgerðir.

Í meðfylgjandi töflu er samantekt birtinga og kynninga starfsmanna Veiðimálastofnunar fyrir árin 2004-2013, auk veggspjalda. Á töflunni sést að um talsvert efni er að ræða, og munur getur verið á fjölda verka innan einstakra flokka.

Yfirlit yfir birtingar og kynningar starfsmanna Veiðimálastofnunar fyrir árin 2004–2013.

	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004
Ritrýndar greinar	7	10	7	9	8	2	0	7	5	5
Skýrslur VMST	50	46	58	45	54	41	40	41	49	52
Aðrar skýrslur	3	4	1	2	2	2	3	2	4	1
Annað ritað efni	1	1	18	13	10	14	21	13	8	5
Fyrirlestrar	29	23	44	38	30	28	29	19	11	16
Veggspjöld	8	0	3	7	10	8	5	11	2	25
Nemendaverkefni	2	1	2	7	0	1	2	2	7	3
Skilagreinar	18	8	6	2	8	11	16			

Ritaskrá 2013

Ritrýndar greinar og bækur

Ehsan Pashay Ahi, Jóhannes Guðbrandsson, Kalina H. Kapralova, Sigríður R. Franzdóttir, Sigurður S. Snorrason, Valerie H. Maier, Zophonías O. Jónsson 2013. Validation of reference genes for expression studies during craniofacial development in arctic charr. PLOS ONE 8(6).

Granquist.S. and Nilsson, P.Å. (2013) The Wild North: Network Cooperation for Sustainable Tourism in a fragile Marine Environment in the Arctic Region. InMüller, D., Lundmark, L. and Lemelin, R. (Eds.), *New Issues in Polar Tourism,* Heidelberg: Springer, pp. 123-132.

Guðmundsson LA, Guðjónsson S, Marteinsdóttir G, Scarnecchia DL, Daníelsdóttir AK and C Pampoulie 2013. Spatio-temporal effects of stray hatchery-reared Atlantic salmon *Salmo salar* on population genetic structure within a 21 km-long Icelandic river system. Conservation Genetics 14: 1217–1231.

Hannesdóttir, ER, GM Gíslason, JS Ólafsson, ÓP Ólafsson and EJ O´Gorman. 2013. Increased stream productivity with warming supports higher trophic levels. Advances in Ecological Research 48:285-342.

Karlsson, S., M. Hagen, L. Eriksen, K. Hindar, A. J. Jensen, C. G. de Leaniz, D. Cotter, G. Guðbergsson, K. Kahilainen, S. Guðjónsson, A. Romakkaniemi and N. Ryman 2013. A genetic marker for the maternal identification of Atlantic salmon x brown trout hydrids. Conservation Genet Resour. 5:47-49.

Kalina H. Kapralova, Jóhannes Guðbrandsson, Sigrun Reynisdottir, Cristina B. Santos, Vanessa C. Baltanas, Valerie H. Maier, Sigurdur S. Snorrason and Arnar Palsson 2013. Differentiation at the *MHCIIα* and *Cath2* Loci in Sympatric *Salvelinus alpinus* Resource Morphs in Lake Thingvallavatn. PLOS ONE 8(7).

Rakel Gudmundsdottir, Snaebjorn Palsson, Elisabet Ragna Hannesdottir, Jon S. Olafsson, Gisli Mar Gislason and Brian Moss 2013*. Diatoms as indicators: The influences of experimental nitrogen enrichment on diatom assemblages in sub-Arctic streams*. Ecological Indicators 32: 74-81.

Skýrslur Veiðimálastofnunnar

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson 2013. Gljúfurá 2012. Samantekt á fiskirannsóknum. Veiðimálastofnun, VMST/13018, 15 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson 2013. Seiðarannsóknir í Hörðudalsá 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13004, 13 bls.

Benóný Jónsson 2013. Rannsóknir á göngu bleikju og urriða í Köldukvísl, Tungnaá og Sultartangalóni 2009-2012. Veiðimálastofnun, VMST/13010, 23 bls.

Benóný Jónsson 2013. Virkjanaframkvæmd í Grafará Bláskógabyggð. Veiðimálastofnun, VMST/13044, 10 bls.

Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson 2013. Rannsóknir á fiskstofnum Apavatns 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13013, 29 bls.

Friðþjófur Árnason, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir og Sigurður Már Einarsson 2013. Straumfjarðará 2012. Seiðabúskapur og laxveiði. Veiðimálastofnun, VMST/13017, 12 bls.

Friðþjófur Árnason og Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir 2013. Rannsóknir á urriðastofnum Hraunsfjarðarvatns og Baulárvallavatns árið 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13011, 18 bls.

Friðþjófur Árnason, Benóný Jónsson og Árni Kristmundsson 2013. Rannsóknir á fiskstofnum Hlíðarvatns í Selvogi 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13012, 21 bls.

Gerður Stefánsdóttir og Halla Margrét Jóhannesdóttir 2013. Gerðir straumvatna og stöðuvatna. Stöðu-skýrsla til Umhverfisstofnunar. Veiðimálastofnun, VMST/13007, 28 bls.

Guðni Guðbergsson 2013. Catch statistics for Icelandic rivers and lakes 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13040, 33 bls.

Guðni Guðbergsson 2013. Lax- og silungsveiðin 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13039, 37 bls.

Guðni Guðbergsson 2013. Laxá í Aðaldal. Seiðabúskapur, endurheimtur gönguseiða og veiði 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13026, 58 bls.

Guðni Guðbergsson 2013. Mýrarkvísl. Seiðabúskapur og veiði 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13028, 28 bls.

Guðni Guðbergsson 2013. Reykjadalsá og Eyvindarlækur í S-Þingeyjarsýslu. Seiðabúskapur og veiði 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13027, 28 bls.

Guðni Guðbergsson 2013. Silungurinn í Mývatni. Yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986-2012. Veiðimálastofnun, VMST/13019, 36 bls.

Guðni Guðbergsson og Eydís Njarðardóttir 2013. Útbreiðsla og ástand seiða í Jökulsá á Dal og hliðarám hennar 2013. Veiðimálastofnun, VMST/13048, 28 bls.

Ingi Rúnar Jónsson 2013. Vatnakerfi Blöndu. 2012. Göngufiskur og veiði. Veiðimálastofnun, VMST /13035, 18 bls.

Ingi Rúnar Jónsson og Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir 2013. Rannsóknir á Langá og Fossá í Engidal við Skutulsfjörð 2013. Veiðimálastofnun, VMST/13050, 14 bls.

Ingi Rúnar Jónsson, Friðþjófur Árnason og Guðni Guðbergsson 2013. Fiskirannsóknir á vatnasviði Lagarfljóts, Jökulsár á Dal, Fögruhlíðarár og Gilsár 2011 og 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13034, 50 bls.

Iris Hansen, Eydís Njarðardóttir, Finnur Ingimarsson, Haraldur R. Ingvason og Jón S. Ólafsson 2013. Kísilþörungar og smádýr í Lagarfljóti 2006–2007. Veiðimálastofnun, VMST/13037, LV-2013-068, 77 bls.

Kristinn Kristinsson 2013. Búsvæðamat fyrir Gljúfurá í Húnavatnssýslu. Veiðimálastofnun, VMST/13008, 9 bls.

Kristinn Kristinsson 2013. Rannsókn á stofnum sjóbleikju og flundru í vötnum og ám við Húnaflóa haustið 2011. Veiðimálastofnun, VMST/13032, 18 bls.

Kristinn Kristinsson 2013. Rannsóknir á seiðastofnum í Svartá í Skagafirði árið 2013. Veiðimálastofnun, VMST/13047, 11 bls.

Kristinn Kristinsson og Friðþjófur Árnason 2013. Rannsóknir á fiskstofnum á vatnasvæði Fljótaár árið 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13036, 14 bls.

Kristinn Kristinsson og Friðþjófur Árnason 2013. Rannsóknir á seiðastofnum Sæmundarár árið 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13003, 27 bls.

Kristinn Kristinsson og Friðþjófur Árnason 2013. Seiðabúskapur og laxveiði í Vatnsdalsá árið 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13029, 16 bls.

Kristinn Ólafur Kristinsson 2013. Rannsóknir á seiðastofnum Sæmundarár 2013. Veiðimálastofnun, VMST/13046, 14 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2013. Fiskrannsóknir í Sogi og þverám þess árið 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13023, LV-2013-092, 25 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2013. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13006, LV-2013-063, 50 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2013. Fiskrannsónir á vatnasvæði Þjórsár. Samantekt fyrir árin 2008 til 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13043, 68 bls.

Magnús Jóhannsson, Guðni Guðbergsson og Benóný Jónsson 2013. Veiðistaðir í Köldukvísl eftir gerð Sporðöldulóns. Veiðimálastofnun, VMST/13042 og LV-2013-133, 13 bls.

Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Friðþjófur Árnason, Eydís Njarðardóttir og Kristinn Ólafur Kristinsson 2013. Botndýrarannsóknir í Straumfjarðará 2012. Samanburður við árin 2004 og 2007. Veiðimálastofnun, VMST/13041, 24 bls.

Sandra M. Granquist og Erlingur Hauksson 2013. Selatalningin mikla. Niðurstöður 2007-2012. Veiðimálastofnun, VMST/13001, 12 bls.

Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Áhrif fiskvegagerðar á laxveiði í Fróðá. Veiðimálastofnun, VMST/13049, 12 bls.

Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Búsvæðamat á vatnasvæði Flekkudalsár á Fellsströnd. Veiðimálastofnun, VMST/13009, 15 bls.

Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Hítará. Samantekt um fiskirannsóknir 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13033, 11 bls.

Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Hreisturrannsóknir úr laxveiðinni í Laxá í Hvammssveit 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13022, 8 bls.

Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Laxá í Leirársveit. Samantekt á fiskirannsóknum 2012. Veiðimálatofnun, VMST/ 13016, 20 bls.

Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Eydís Njarðardóttir 2013. Flekkudalsá í Dölum. Samantekt um fiskirannsóknir 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13031, 11 bls.

Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Guðni Guðbergsson 2013. Fiskirannsóknir á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði árið 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13002, 19 bls.

Sigurður Már Einarsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Guðni Guðbergsson 2013. Grímsá og Tunguá 2012. Yfirlit fiskirannsókna. Veiðimálastofnun, VMST/13038, 13 bls.

Þórólfur Antonsson og Eydís Njarðardóttir 2013. Fiskistofnar Leirvogsár 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13005, 17 bls.

Þórólfur Antonsson og Eydís Njarðardóttir 2013. Hölkná í Bakkaflóa 2012, seiðabúskapur og veiði. Veiðimálastofnun, VMST/13014, 13 bls.

Þórólfur Antonsson og Eydís Njarðardóttir 2013. Mat á búsvæðum laxaseiða í vatnakerfi Bakkaár í Bakkaflóa 2012 með viðbótum 2013. Veiðimálastofnun, VMST/13045, 17 bls.

Þórólfur Antonsson og Eydís Njarðardóttir 2013. Rannsóknir á fiskistofnum Hofsár 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13020, 20 bls.

Þórólfur Antonsson og Eydís Njarðardóttir 2013. Seiðabúskapur og veiði í Hafralónsá og Kverká 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13015, 15 bls.

Þórólfur Antonsson og Eydís Njarðardóttir 2013. Sunnudalsá 2012, seiðabúskapur og veiði. Veiðimálastofnun, VMST/13025, 14 bls.

Þórólfur Antonsson og Eydís Njarðardóttir 2013. Svalbarðsá 2012, seiðabúskapur og veiði. Veiðimálastofnun, VMST/13024, 15 bls.

Þórólfur Antonsson, Ingi Rúnar Jónsson og Eydís Njarðardóttir 2013. Rannsóknir á fiskistofnum Selár 2012. Veiðimálastofnun, VMST/13021, 23 bls.

Þórólfur Antonsson, Ingi Rúnar Jónsson og Eydís Njarðardóttir 2013. Vesturdalsá 2012. Gönguseiði, endurheimtur, talningar og seiðabúskapur. Veiðimálastofnun, VMST/13030, 25 bls.

Aðrar skýrslur

Gudni Gudbergsson, Thorolfur Antonsson and Ingi Runar Jonsson 2013. National report for Iceland. The 2012 salmon season. International Council for the Exploration of the Sea (ICES). North Atlantic Salmon Working Group. Copenhagen 3 – 12. apríl 2013. WP 14. 14 bls.

Sigurður Már Einarsson. Fishfarm project. Need analysis report. Working group meeting in Iceland 4 – 7th of July 2013. 19 p.

Þórólfur Antonsson 2013. Tillaga að arðskrá fyrir Hölkná í Bakkaflóa. Unnið fyrir Veiðifélagið Hölkna. 9 bls.

Annað ritað efni

Magnús Jóhannsson og Guðni Guðbergsson 2013. Lífríki og sjóbirtingsveiði í lindarlækjum í Landbroti og Meðallandi og viðkvæmur vatnsbúskapur þeirra. Veiðislóð 2. tbl. 2013 bls. 83-85.

Skilagreinar

Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Skipting stangveiðinnar í Flekkudalsá eftir veiðistöðum fyrir tímabilið 2004-2013. Veiðimálastofnun, VMST-G/ 13016, 14 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Skipting stangveiðinnar í Flekkudalsá, Kjarlaksstaðaá og Tunguá eftir veiðstöðum fyrir tímabilið 1992-2003. Veiðimálastofnun, VMST-G/13017, 10 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Skipting urriða og bleikjuveiði í Þverá, Kjarará og Litlu–Þverá eftir veiðistöðumfyrir tímabilið 2003-2012. Veiðimálastofnun, VMST-G/13014, 19 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Veiðitölur og rannsóknir á hreistri úr laxveiðinni í Staðará í Súgandafirði 2012. Veiðimálastofnun, VMST-G/13006, 4 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Veiðitölur og rannsóknir á hreistri úr laxveiðinni í Búðardalsá á Skarðsströnd 2012. Veiðimálastofnun, VMST-G/13007, 4 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Veiðitölur og rannsóknir á hreistri úr laxveiðinni í Andakílsá 2012. Veiðimálastofnun, VMST-G/13008, 4 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Veiðitölur og rannsóknir á hreistri úr laxveiðinni í Svínafossá 2012. Veiðimálastofnun, VMST-G/13009, 3 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Veiðitölur og rannsóknir á hreistri úr laxveiðinni í Hvannadalsá í Ísafjarðardjúpi 2012. Veiðimálastofnun, VMST-G/13010, 4 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Veiðitölur og rannsóknir á hreistri úr laxveiðinni í Langadalsá í Ísafjarðardjúpi 2012. Veiðimálastofnun, VMST-G/13011, 4 bls.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson 2013. Skipting stangveiðinnar á milli jarða í Laxá í Leirársveit frá 2003 - 2012 og í Selósi og Þverá frá 2009 - 2012. Veiðimálastofnun, VMST-G/13005, 17 bls.

Eydís Heiða Njarðardóttir og Guðni Guðbergsson 2013. Niðurstöður örmerkja- og hreisturlestrar úr Ytri-Rangá 2012. Veiðimálastofnun, VMST-G/13003, 7 bls.

Guðni Guðbergsson 2013. Skipting veiði í Þverá, Kjarará og Litlu-Þverá á milli jarða 2002-2012. Veiðimálastofnun, VMST-G/13002, 18 bls.

Halla Margrét Jóhannesdóttir 2013. Framvinda verkþátta 2012 vegna innleiðingar laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Unnið fyrir Umhverfisstofnun. Veiðimálastofnun, VMST-G/13001, 4 bls.

Kristinn Ólafur Kristinsson 2013. Niðurstöður seiðarannsókna í Álku ofan Úlfsfoss. Veiðimálastofnun, VMST-G/13015, 3 bls.

Leó Alexander Guðmundsson og Sigurður Guðjónsson 2013. Notkun erfðamarka til að greina strokulax úr

sjókvíaeldi og erfðablöndun við villtan lax (V 014-13). Veiðimálastofnun, VMST-G/13019, 15 bls.

Leó Alexander Guðmundsson og Sigurður Guðjónsson 2013. Vöktunaráætlun vegna sjókvíaeldis á laxi. Erfðagreining strokulax úr sjókvíaeldi og erfðablöndun við villtan lax. Veiðimálastofnun, VMST-G/13018, 13 bls.

Sigurður Már Einarsson 2013. Árangur gönguseiðasleppinga á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði árin 2000-2012. Veiðimálastofnun, VMST-G/13013, 4 bls.

Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir 2013. Skipting framleiðslueininga milli jarða vegna búsvæðamats í straumvatni á vatnasvæði Þverár í Borgarfirði. Veiðimálastofnun, VMST-G/13012, 6 bls.

Fyrirlestrar

Daniel Govoni, Bjarni K. Kristjánsson og Jón S. Ólafsson 2013. *Ecology of the hyporheic zone along a thermal gradient.* Líffræðiráðstefnan, Háskóli Íslands, 8.-9. nóvember 2013.

Friðþjófur Árnason, Hans Lundqvist, Ingemar Berglund, Earl Prentice, and Kjell Leonardsson. State dependent timing of smolt migration in a wild Atlantic salmon population: effects of parr maturity, body size, and river section. The 9th International Workshop on Salmonid smoltification. Reykjavík - Hólar 12. – 17. ágúst 2013.

Gísli Már Gíslason, Jón S. Ólafsson, Elísabet R. Hannesdóttir og Rakel Guðmundsdóttir 2013. *The use of Iceland's geothermal streams as natural laboratories.* Otago University, Department of Zoology, Dunedin, Nýja-Sjálandi, 14. nóvember 2013.

Guðni Guðbergsson 2013. Áhrif loftslagsbreytinga á stofnstærðir og vistfræði laxfiska í ám og vötnum. Landsýn, vísindaþing landbúnaðarins, Hvanneyri 8. mars 2013.

Guðni Guðbergsson 2013. Laxveiðin 2013. Hvað er að gerast í ánum. Opið hús hjá Stangveiðifélagi Reykjavíkur, Reykjavík 6. desember 2013.

Guðni Guðbergsson 2013. Laxveiðin sumarið 2012. Hvað er að gerast í ánum? Opið hús hjá Stangveiðifélagi Akureyrar, Akureyri 21. janúar 2013.

Guðni Guðbergsson 2013. Staða íslenska laxins. Ársfundur Veiðimálastofnunar, Reykjavík, 20. mars 2013.

Hood JM, Cross WF, Benstead JP, Huryn AD, Welter JR, Junker JR, Nelson D, Ólafsson JS og Gíslason GM 2013. *Patterns of nitrogen and phosphorus uptake across a thermal gradient of subarctic streams.* Society for Freshwater Science 61st Annual Meeting, Jacksonville, Florida, 19.-23. maí 2013.

Ingi Rúnar Jónsson og Sigurður Már Einarsson 2013. Sjóbleikja á vatnasviði Hvítár í Borgarfirði – Stofnstærð og göngur. Landsýn, vísindaþing landbúnaðarins, Hvanneyri, 8. mars 2013.

Jóhannes Guðbrandsson og Páll Melsted 2013. Púslun genafjölskyldna í de Bruijn netum ofnum úr umritunargögnum. (Assembly of gene families in de Bruijn graphs made from RNA-seq data). Líffræðiráðstefnan, Reykjavík, 8.-9. nóvember 2013.

Jón S. Ólafsson 2013. *Ontogeny of ponds at a margin of a retreating glacier.* Society for Freshwater Science 61st Annual Meeting, Jacksonville, Florida, 19.-23. maí 2013.

Jón S. Ólafsson og Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir. *Kettle hole pond succession at the margin of a retreating glacier.* ESF – Exploratory Workshop, University of Birmingham, England, 16.-18. september 2013.

Jón S. Ólafsson, Alex Huryn, Daniel Nelson, Gísli M. Gíslason, James Hood, Jonathan Benstead, Jim Junker og Wyatt Cross 2013. Vatnavistkerfi í hlýnandi loftslagi; jarðhitasvæðið í Hengladölum sem tilraunastofa. Landsýn, vísindaþing landbúnaðarins, Hvanneyri, 8. mars 2013.

Jón S. Ólafsson, Benoit Demars, Gísli Már Gíslason og Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir 2013. *Líf í affallsvatni háhitasvæða.* Líffræðiráðstefnan, Háskóli Íslands, 8.-9. nóvember 2013.

Jónína Herdís Ólafsdóttir, Jóhann Garðar Þorbjörnsson, Kjartan Guðmundsson, Jón S. Ólafsson og Bjarni K. Kristjánsson 2013. *Submersed fissures of Iceland, ecological and geographical mapping* Líffræðiráðstefnan, Háskóli Íslands, 8.-9. nóvember 2013.

Junker JR, Cross WF, Benstead JP, Huryn AD, Hood JM, Nelson D, Ólafsson JS og Gíslason GM 2013. *Patterns of epilithic CNP stoichiometry across a natural temperature gradient in Icelandic streams.* Society for Freshwater Science 61st Annual Meeting, Jacksonville, Florida, 19.-23. maí 2013.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2013. Nýjar fisktegundir í ferskvatnsfánu Íslands. Landsýn, Hvanneyri 8. mars 2013.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2013. Nýjar fisktegundir í ferskvatnsfánu Íslands. Landsýn, vísindaþing landbúnaðarins, Hvanneyri 8. mars 2013.

Nelson D, Benstead JP, Cross WF, Huryn AD, Hood JM, Johnson PW, Junker JR, Gislason og Olafsson JS 2013.

Experimental whole-stream warming increases algal standing crop but reduces consumer biomass. Society for Freshwater Science 61st Annual Meeting, Jacksonville, Florida, 19.-23. maí 2013.

Sandra Granquist 2013. Balancing use and protection of wildlife - An interdisciplinary approach for biology and tourism research. Research seminar at E-tour, Mid Sweden University, 4. desember 2013.

Sandra Granquist 2013. Harbour seals (Phoca vitulina) and tourists in Iceland. Who´s watching who? Licentiate seminar, Zoological department, Stockholm University, 13. nóvember 2013.

Sandra Granquist. Seals, fisheries and tourism in Iceland. Seminar at Aqua Biota Water Research, Stockholm, 30. maí 2013.

Sigurður Guðjónsson 2013. Artic char in a changing climate. The Nordchar project. Nordic workshop on the effects of climate change on primary industries. Nordisk Ministerrad and Nordforsk. Copenhagen, 16. október 2013.

Sigurður Guðjónsson 2013. Bleikja í hlýnandi heimi. Fyrirlestur hjá líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Háskóli Íslands, Reykjavík, 15. nóvember 2013.

Sigurður Guðjónsson 2013. Starfsemi Veiðimála-stofnunar. Ársfundur Veiðimálastofnunar. Reykjavík, 20. mars 2013.

Sigurður Már Einarsson 2013. Aquaculture and fisheries sector in Iceland. Aleksandras Stulginskis University, Kaunas, Litháen, 28. október 2013.

Sigurður Már Einarsson 2013. Aquaculture and natural freshwater fish stocks. Conflicts and possible solutions. Aleksandras Stulginskis University, Litháen, Kaunas, 28. október 2013.

Sigurður Már Einarsson 2013. Staða íslenska laxins. Ársfundur Veiðimálastofnunar, Reykjavík, 20. mars 2013.

Þórólfur Antonsson 2013. Vistfræðirannsóknir á Veiðimálastofnun - Framleiðslugeta áa. Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands, Reykjavík, 18. október 2013.

Veggspjöld

Ásgeir V. Hlinason og Sigurður M. Einarsson 2013. Lífshættir og útbreiðsla flundru á ósasvæði Hvítár í Borgarfirði. Landsýn vísindaþing landbúnaðarins, Hvanneyri 8. mars 2013.

Elísabet Ragna Hannesdóttir, Gísli Már Gíslason, Jón S. Ólafsson, Ólafur Patrick Ólafsson and Eoin J. O´Gorman. „Increased stream productivity with warming supports higher trophic levels“. Líffræðiráðstefnan, Háskóli Íslands, 8.-9. nóvember 2013.

Jóhann Garðar Þorbjörnsson, Jónína Herdís Ólafsdóttir, Kjartan Gðmundsson, Bjarni K. Kristjánsson og Jón S. Ólafsson. *Comparison of two methods for sampling invertebrates on submerged vertical walls with diving.* Líffræðiráðstefnan, Háskóli Íslands, 8.-9. nóvember 2013.

Jóhannes Guðbrandsson, Sigurður S. Snorrason, Arnar Pálsson, Valerie Helene Maier, Sigríður Rut Franzdóttir and Zophonías O. Jónsson. Analysis of Arctic charr (Salvelinus alpinus) transcriptome through early development. Workshop on patterns and processes of intraspecific divergence and relevance to aquatic biological diversity. University of St. Andrews, Scotland, 25. -27 febrúar 2013.

Jón S. Ólafsson, Benoit Demars, Gísli Már Gíslason og Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir. *Líf í affallsvatni á háhitasvæðum.* Rannsóknir á orku og umhverfi. Opinn kynningarfundur á verkefnum sem Orkurannsókna-sjóður Landsvirkjunar hefur styrkt, Reykjavík 28. nóvember 2013.

Kristinn Ólafsson, Sigurður M. Einarsson, John Gilbey, Christophe Pampoulie, Guðmundur Óli Hreggviðsson, Sigríður Hjörleifsdottir og Sigurður Guðjónsson 2013. Genetic origin and age determination of marine caught salmon (*Salmo salar*). Líffræðiráðstefnan, Reykjavík 8.-9. nóvember 2013.

Nelson, D., Benstead, J. P., Cross, W. F., Huryn, A. D.,Hood, J. M., Johnson, P. W., Junker, J. R., Gislason, G. M., Olafsson, J. S. *Experimental whole-stream warming increases algal standing crop and reduces invertebrate biomass.* ASLO Aquatic Sciences Meeting, New Orelans 17.-22. febrúar 2013.

Sigurður Már Einarsson, Jón S. Ólafsson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Kristinn Ólafur Kristinsson. *Laxfiskar og umhverfi þeirra í ám í Strandasýslu, á milli Hrútafjarðar og Ingólfsfjarðar.* Líffræðiráð-stefnan, Háskóli Íslands, 8.-9. nóvember 2013.

Námsverkefni

Ásgeir V. Hlinason 2013. Lífshættir flundru (*Platichthys flesus*) á ósasvæði Hvítár í Borgarfirði. MS. ritgerð við Landbúnaðarháskóla Íslands, 78. bls.

Sandra Granquist 2013. Harbour seals (*Phoca vitulina*) and tourists in Iceland. Who´s watching who? Licentiateritgerð við Stockholm University, 71. bls.

Veggspjöld



Inngangur

Með hækkandi sjávarhita hefur nýjum fisktegundum fjölgað í hafinu umhverfis Ísland. Á undanförnum árum hafa fjórar nýjar tegundir náð fótfestu hérlendis, steinsuga, sandrækja, grjótkrabbi og kolinn flundra [1] (*Platichthys flesus*)sem greindist fyrst í Ölfusá 1999[2].
Flundran (1. mynd) nýtir búsvæði í árósum og ferskvatni á hluta lífsferilsins[3].

1. mynd Flundrur við Straumeyri. Ljósmynd Askell Þórisson.

Staðhættir

Hvítá í Borgarfirði er ein af stórám landsins og er talin 6. vatnsmesta á landsins. Vatnasvæðið er mjög fiskauðugt og rómað fyrir mikla laxveiði, en einnig eru til staðar stórir stofnar bleikju og urriða. Ósasvæðið er mjög stórt, u.þ.b. 27 km². Stöðvarnar voru í fersku vatni (stöð 1 við Ferjubakka), ísöltu vatni (stöð 2 við Einarsnes) og söltu vatni (stöð 3 við Straumeyri) (2.mynd).

